


The background is a solid yellow color. It features several abstract white elements: a large circle on the left side, a smaller circle to its right, and a cluster of small dots at the bottom center. There are also several thin, curved white lines scattered across the page.


FYRSTU AÐGERÐIR REYKJAVÍKURBORGAR TIL VIÐSPYRNU VEGNA COVID-19

ÞRÍJAR SVIÐSMYNDIR:


„V“ KÚRFA



„U“ KÚRFA



„L“ KÚRFA



FYRSTU AÐGERÐIR REYKJAVÍKURBORGAR TIL VIÐSPYRNU VEGNA COVID-19

- Borgarráð samþykkti í morgun með öllum atkvæðum fyrstu viðbrögð við áfallinu sem Covid-faraldurinn hefur í för með sér með áherslu á velferð borgarbúa, afkomu þeirra og þeirra grunnstoða samfélagsins sem þurfa styrk til að standa af sér viðtækar og neikvæðar afleiðingar vírussins.
- Það er frumskylda Reykjavíkurborgar að veita og tryggja órofna grunnþjónustu.
- Reykjavíkurborg mun lækka og fella niður gjöld þar sem þjónustufall hefur orðið og veita atvinnulífinu svigrúm til að fresta gjalddögum fasteignaskatta.
- Að loknum faraldrinum ætlar borgarstjórn að ráðast í viðspyrnu í atvinnumálum með m.a. markaðsátaki í ferðaþjónustu, eflingu skapandi greina, þekkingargreina og áframhaldandi stuðning við menningu og listir.
- Borgin vill flýta fyrir og ýta undir fjárfestingar og framkvæmdir, nýsköpun og notkun nýrra tæknilausna og auka fjármagn til mannaflsfrekra viðhaldsverkefna í borginni.





1

FRESTUN GJALDA, NIÐURFELLING OG LÆKKUN

- **Heimili.** Leikskólar, grunnskólar og frístund. Gjöld verði lækkuð, felld niður eða leiðrétt í samræmi við skerðingu þjónustu vegna Covid-19, skv. nánari reglum. Þá taka árskort hverskonar t.d. sundkort og menningarkort mið af skerðingum opnunartíma og gildistími framlengdur sem því nemur.
- **Fyrirtæki** - Veittur verði frestur á greiðslu allt að þriggja gjalddaga fasteignaskatta atvinnuhúsnæðis vegna ársins 2020, skv. lögum og nánari reglum. Fasteignaeigendur eru hvattir til að leigjendur þeirra njóti góðs af þeirri frestun líkt og stór fasteignafélög á markaði hafa gefið fyrirheit um.
- **Lækkun fasteignaskatta** - Lækkun fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði í Reykjavík verði flýtt og verði 1,60% á árinu 2021.
- **Frestun leigu** - Borgarráð beinir því til fjármála- og áhættustýringarsviðs að móta reglur um frestun eða afslátt af leigu þriðja aðila í atvinnurekstri í húsnæði Reykjavíkurborgar á grundvelli umsóknar, vegna tímabundins tekjufalls í ljósi sérstakra aðstæðna.
- **Frestun gjalda** - Borgarráð beinir því til fyrirtækja borgarinnar að skoða möguleika á frestun gjalda og/eða lækkun þegar um er að ræða tímabundið tekjufall, skv. nánari reglum.

2 SVEIGJANLEIKI Í INNHEIMTU OG GJALDFRESTUM

Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera tillögu að tímabundnum breytingum á innheimtuleglum Reykjavíkurborgar sem feli í sér aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu, sem nái hvoru tveggja til heimila og fyrirtækja.

Tillagan á að tryggja að jafnræðis og góðrar stjórnáslu verði gætt og tekið mið af gildandi lögum. Markmiðið er að auka sveigjanleika í ljósi núverandi ástands, innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki um leið og jafnræðis og hagnuna borgarinnar verði gætt. Reglurnar verði lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar





3 BORGARVAKT Í VELFERÐAR- OG ATVINNUMÁLUM

- Tölulegum gögnum og staðreyndum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi verður safnað á vettvangi borgarinnar næstu mánuði og misseri til að leggja grunn að frekari tillögugerð og aðgerðum.
- Í samráði við hagsmunaaðila verður fylgst með lykilþáttum og áhrifum stöðunnar á atvinnulíf og samfélag, lífskjör og húsnæðismarkað með sérstakri áherslu á börn og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólks, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

4 FERÐAÞJÓNUSTA OG FERÐAÞJÓNUSTUTENGÐAR GREINAR

Stutt verði við eftirspurn eftir heimsóknum ferðamanna til Reykjavíkur um leið og það er metið tímabært.

- a) **Markaðsátak stjórnvalda og Íslandsstofu**
Reykjavíkurborg verði virkur þátttakandi í útfærslu og framkvæmd markaðsátaks stjórnvalda í ljósi Covid-19.
- b) **Markaðsátak Reykjavíkur**
Menningar- og ferðamálasvið útfæri sérstaka markaðssetningu Reykjavíkur sem viðbrögð við hruni í ferðaþjónustu fyrir árin 2020-2021. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar verði ætlaður að lágmarki 150 milljónir króna. Tillögur liggja fyrir í maí.





5 NÝSKÖPUN OG TÆKNI

Fjárfestingum í innleiðingu nýrrar tækni hjá borginni verði flýtt og opnað fyrir aðkomu frumkvöðla og nýsköpunarumhverfisins að lausnaleyti á grundvelli nýrrar nýsköpunarstefnu. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

6 SKAPANDI GREINAR

Haldið verði áfram að veita skapandi greinum betri skilyrði til vaxtar til lengri tíma með áherslu á að skapa aðstöðu og vinnurými, m.a. í tengslum við nýjan klasa skapandi greina í Gufunesi. Tillögur liggi fyrir í maí nk.





7 ÞEKKINGARGREINAR

Unnin verði áætlun um frekari uppbyggingu þekkingartengdra greina í samvinnu við Háskóla Íslands, Vísindagarða, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

8 MENNING, LISTIR, ÍPRÓTTIR OG VIÐBURÐAHALD

Unnar verði tillögur um aðgerðir og viðspyrnu í menningar-, íþrótt- og listalífi Reykjavíkur í samvinnu við Bandalag íslenskra listamanna, ÍBR, ofl. Tillögur liggja fyrir í maí nk.





9 MARKVISSAR VINNUMARKAÐSAÐGERÐIR

- Nauðsynlegar vinnumarkaðsaðgerðir sem viðbrögð gegn atvinnuleysi verða þróaðar tímalega eins og tilefni verður til.
- Unnið verði í samvinnu við ríkið og aðila vinnumarkaðarins þar sem sérstaklega verði lögð áhersla á hóp sem skv. greiningum verða illa úti í ástandinu, s.s. einyrkja, fólk af erlendum uppruna og konur.
- Áhersla verði lögð á að bjóða starfstækifæri, starfsnám og íslenskukennslu og aðra menntun á atvinnuleysisbótum.

10 FLÝTING FJÁRFESTINGA OG VIÐHALDS BORGARINNAR OG FYRIRTÆKJA BORGARINNAR

- Fjárfestingar borgarinnar eru á árinu 2020 um 20 milljarðar króna
- Fjárfestingum verður flýtt og viðhald aukið til að auka atvinnu og umsvif í efnahagslífinu þegar á þessu ári.
- Viðbótarfjárfestingar geta samanlagt orðið um 5 milljarðar króna á árinu og enn frekar árið 2021.
- Efnt verði til viðræðna um ríkið um kostnaðarhlutdeild, skatta og gjöld í tengslum við framkvæmdirnar.
- **Fjárfestingar borgarsjóðs (A-hluta)** í nýframkvæmdum og viðhaldi verði auknar um 2,5 milljarða árið 2020 með áherslu á mannaflsfrek og virðisaukandi verkefni, sbr. meðfylgjandi yfirlit.
- **Orkuveita Reykjavíkur** vinnur að viðbótarfjárfestingum OR.
- **Félagsbústaðir** vinna að áætlun um viðbótar búsetuúrræði og íbúðir.
- **Faxaflóahafnir** hafa ásamt Veitum útfært áætlun um orkuskipti í höfnum og munu eiga viðræður við ríkið um að ráðast í verkefnið.





1 1 UNDIRBÚNINGI FJÁRFESTINGARVERKEFNA Á VEGUM BORGARINNAR VERÐI FLÝTT

- Samkeppnum um skipulag og hönnun fjárfestingarverkefna verði flýtt og gerð deiliskipulags vegna þeirra verði sett í forgang.
- Þar er meðal annars um að ræða samkeppnir um Samgöngumiðstöð Reykjavíkur á umferðarmiðstöðvarreit, samkeppni um stærra borgarbókasafn í Grófarhúsi, samkeppni um endurnýjun og endurgerð Laugardalslaugar og stúku Laugardalslaugar, samkeppni um nýja skóla í borginni, fjölgun ungbarnadeilda og nýrra leikskólaplássu sem hluti af Brúum bilið, markaðskönnun á nýjum bílastæðahúsum, samkeppni um Fógeta-torg/Víkurgarð, skipulag nýrra hverfiskjarna í Arnarbakka og Völvufelli og hugsanlega víðar.

12 UNDIRBÚNINGI FJÁRFESTINGARVERKEFNA Í SAMVINNU VIÐ RÍKIÐ VERÐI FLÝTT

Breytingar á deiliskipulagi og undirbúningi vegna fjárfestingarverkefna ríkisins sem vilji er til að fari af stað verði sett í forgang, s.s. brýn samgönguverkefni á höfuðborgarsvæðinu , nýjum hjúkrunarheimilum, uppbyggingu á vegum Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Nýs Landsspítala, auk annarra verkefna skv. nánara samkomulagi.





13 ÁTAK Í UPPBYGGINGU FJÖLBREYTTS OG HAGKVÆMS HÚSNÆÐIS

- Til að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skort á húsnæðismarkaði verði ráðist í nýtt átak í húsnæðisuppbyggingu með áherslu á hagkvæmar íbúðir, almennar íbúðir og öruggt og nægjanlegt framboð lóða og aukins byggingarréttar á grundvelli aðalskipulags Reykjavíkur.
- Áætlun um lóðaúthlutanir, frekari stofnframlög og húsnæðisuppbyggingu verði uppfært í samráði við verkalýðshreyfinguna, uppbyggingarfélög án hagnaðarsjónarmiða, Samtök iðnaðarins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og stjórnvöld.
- Áfangaskil verði í maí og fullmótuð áætlun liggja fyrir í september.

FRAMKVÆMDIR

FYRSTU AÐGERÐIR REYKJAVÍKURBORGAR TIL VIÐSPYRNU VEGNA COVID-19



TILLAGA UM AÐ FLÝTA VERKEFNUM Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR Á ÁRUNUM 2020 – 2021

1. Flýting á verklegum framkvæmdum við uppbyggingu innviða. Má þar nefna gerð útivistarstíga, verkefni hjólréiðaáætlunar, umferðaöryggismál, endurgerð leik- og grunnskólalóða, opinna svæða o.fl. Áætluð aukning vegna þessara verkefna er 1.000 mkr. 2020.
2. Ýmis meiriháttar viðhalds- og endurnýjunarverkefni sem hægt er að flýta. Á það við um fasteignir borgarinnar, götur, gangstéttar, stíga, lóðir og opin svæði. Áætluð aukning vegna þessara verkefna er 1.000 mkr. 2020.
3. Stefna að því að hraða nauðsynlegri undirbúnings- og hönnunarvinnu ýmissa verkefna s.s. með samkeppnum og hönnun verkefna í framhaldi. Áætluð aukning vegna þessara verkefna er 500 mkr. 2020.





VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR VIÐ UPPBYGGINGU INNVIÐA

Göngu- og hjólastígur við Rauðavatn, göngu- og hjólastígur í Gufunesi, ýmis umferðaröryggismál, átaksverkefni á leikskólalóðum m.t.t. öryggismála, endurgerð ýmissa leik- og grunnskólalóða, hjólastígar í hverfum, verkefni á Klambratúni, verkefni tengd líffræðilegum fjölbreytileika s.s. endurheimt votlendis, græna netið o.fl.

VIÐHALDS- OG ENDURNÝJUNARVERKEFNI

Um er að ræða ýmis viðhaldsverkefni í fasteignum borgarinnar bæði utan- og innanhúss. Þarf að vinnast í nánu samráði við notendur. Dæmi um aðgerðir eru þak- og gluggaviðgerðir, hljóðvistaraðgerðir, málun, endurnýjun gólfefna o.fl. Þá er hér einnig um að ræða viðhaldsverkefni gatna, gönguleiða og opinna svæða.





UNDIRBÚNINGS- OG HÖNNUNARVINNA

Flýtt verði undirbúnings- og hönnunarvinna vegna nýrra leik- og grunnskóla í borginni, Miðborgarleikskóla, umhverfi Lækjartorgs, Grófarhúss, Laugardalslaugar og samgöngumiðstöðvar í Reykjavík.

The background is a solid yellow color. It features several abstract white elements: a large circle on the left side, a smaller circle to its right, and a cluster of small dots at the bottom center. There are also several thin, curved white lines scattered across the page, some forming partial arcs.

FYRSTU AÐGERÐIR REYKJAVÍKURBORGAR TIL VIÐSPYRNU VEGNA COVID-19